

Áuglýsing

153
7. ágúst

um breyting á samþykkt um fjelagsíveitu í Skeiðahreppi
frá 24 september 1917.

Í stað orðanna í 1. gr.:

»Skálmholt og Skálmholtshraun« komi: Þjótandi og Skálmholtshraun.

Breyting þessi, sem er samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22 nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumátadeild stjórnarráðsins 7. ágúst 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

154
13. ágúst

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð um brunabótasjóði sveitafjelaga
frá 20. okt. 1906.

Samkvæmt lögum nr. 71, 14. nóvember 1917, um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kaptúna, er hjermeð sett eftirfarandi reglugjörð um breyting á reglugjörð um brunabótasjóði sveitafjelaga frá 20. október 1906:

47. gr. reglugjörðarinnar orðist þannig:

Fyrir skoðun þá og virðing, sem fram fer við stofnun brunabótasjóðs (sbr. 11. gr.) og endurvirðing á hverjum 10 ára fresti (sbr. 15. gr. 1. lið) greiðir sveitarsjóður 2 krónur á býli hvorum skoðunarmanni.

Býli telst hjer hver bær, sem aðskilinn er frá öðrum bæjum, þótt í sama túni standi.

Atvinnu- og samgöngumátadeild stjórnarráðsins 13. ágúst 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.